

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli. www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli. www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli. www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli. www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli. www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli. www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli. www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli. www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 2. TBL.

29. ÁGÚST 2008

Ertu klár fyrir fagfundi kennara 29. september?

Fagfundir allra kennara í Hafnarfirði verða haldnir í Hvaleyrarskóla mánudaginn 29. september nk. Fagfundir eru frá kl. 14.30-16 með sameiginlegri kynningu í upphafi á (mat)sal skólans. Eftir hana fara kennarar í faghópa sem eru rúmlega 20 talsins.

Hver faghópur velur sér viðfangsefni til að ræða en bent er á eftirfarandi atriði:

- Rafræn kennslugagnamiðlun.
- Öryggismál.
- Kennsluefni og vinnubækur.
- Námsmat.

Myndin er frá fagfundi kennara á síðasta skólaári og er tekin í matsal Víðistaðaskóla.



RITFÚS til ritvinnslunáms

RITFÚS er nýr námsvefur frá Námsgagnastofnun og er hugsaður bæði fyrir tölvukennara til tölvukennslu og almenna kennara fyrir námsverkefni sem vinna skal í ritvinnsluhugbúnaði. RITFÚS nýtist því bæði tölvukennurum og kennurum í öðrum námsgreinum á mið- og unglingastigi. Hann byggir á aðferðafræði sem sérstaklega var hönnuð fyrir þennan vef. Við uppbyggingu vefjarins var leitast við að nýta möguleika tölvutækninnar í ljósi kennslufræði hugsmíðahyggju, m.a. að nýta eiginleika stikluformsins í

samspieli við námsverkefni.

RITFÚS verður kynntur í fyrirlestrarsal Hraunvallaskóla mánudaginn 15. september kl. 14.30-16 fyrir kennara í Hafnarfirði af höfundi þess, ritstjóra **Skólavefritsins**. Nauðsynlegt er að skrá sig til vigfus@hafnarfjordur.is, t.d. með því að senda "svara/reply" á þetta **Skólavefrit** þegar það berst þér í tölvupósti og tilkynna þátttöku þína. Á kynningarfundinum verða kynnt tengsl kennslufræði og tölvukennslu og hvernig RITFÚS er uppbyggður fyrir ólíka

urmenntun þeirra. Fagfundir eiga að geta verið góður stuðningur við kennara og fela í sér að miðla þekkingu og kunnáttu milli grunnskólanna auk þess að stuðla að samhæfingu skólastarfs í bænum.



Skólaþróun

notkun í skólastarfi grunnskóla. Kennarar á mið- og unglingastigi eru sérstaklega boðnir velkomnir á kynninguna auk tölvukennara. Vefurinn var opnaður í haust og kynntur á sýningu Námsgagnstofnunar í Árbæjarskóla þann 20. ágúst sl.

RITFÚS NÁMSVEFUR Í RITVINNSLU		
Námsverkefni og hjálp á vef:	Hjálpin sem forrit (niðurhal):	Til útprintunar (pdf-skjöl):
Word 2003 (isl. útg.)	Word 2003 (isl. útg.)	Námsverkefni
Word 2003 (ensk. útg.)	Word 2003 (ensk. útg.)	Kennsluleiðbeiningar
Word 2007	Word 2007	Hjálpin við Word 2003 (isl. útg.)
		Hjálpin við Word 2003 (ensk. útg.)

VERKEFNISVEFSLÓÐ: http://www.nams.is/uppltaekni/index_2.htm



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 25. ágúst
164. fundur:

- Skipan fræðsluráðs í vetur, sem er óbreytt frá síðasta vetri. Nýir áheyrnarfulltrúar eru fulltrúi skólastjóra, Helgi Arnarson, Hvaleyrarskóla, og annar fulltrúi kennara, Jóna Karolina Karlsdóttir, Hraunvallaskóla.
- Erla María Eggertsdóttir, aðstoðarskólastjóri Engidalsskóla, segir stöðu sinni lausri frá 1. nóv. nk.
- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneyti þar sem auglýstur er Evrópski tungumáladagurinn 26. september.
- Óskað eftir styrk til nýsköpunarkeppni grunnskólanna 2008. Afgreiðslu frestað.
- Tekið fyrir skipulag vegna breytinga á Öldutúnsskóla þar sem starfshópur um byggingu skólans er beðinn að skoða möguleika á að leikskóli komi inn á skipulagsreitinn. Svára vænst á næsta fundi.
- Auglýst menntaþing þann 12. september nk.
- Fulltrúar minnihluta óska eftir tölum á næsta fundi ráðsins um hlutfall leiðbeinenda í grunnskólum Hafnarfjarðar haustið 2008 og fyrir ári síðan.

Tilkynning vikunnar

Nýr vefur Stóru upplestrarkeppninnar verður opnaður í byrjun næstu viku en hann er hýstur af Hafnarfjarðarbæ. Vefslóðin og tengslanetfang við vefinn verður kynnt í næsta *Skólavefriti*.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
5. september 2008

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


- » Námsgagnastofnun hefur gefið út ágústbréf sitt sem geymir upplýsingar um allt nýtt námsefni sem gefið var út frá hausti 2007 til ágúst 2008. Fréttabréfið er að finna á þessari vefslóð: http://www.nams.is/media/upplýsingaefni/storadreifibrefid_fyrirvef.pdf.
- » Menntasvið Háskóla Íslands, áður KHÍ, stendur fyrir árlegu málþingi 23. og 24. október nk. frá kl. 14-17 hvorn dag. Beiðni um að halda erindi berist á netfangið malthing@khi.is fyrir 15. september og er hægt að skrá sig til þátttöku á þessari vefslóð: <http://rannsokn.khi.is/malthing2/skraning.aspx>.
- » Fljótlega verður kynnt frímerkjasamkeppni fyrir nemendur í 5. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar eins og samþykkt var á fundi með myndmenntakennurum í vor. Vonast er til að allir nemendur í 5. bekkjum fái tækifæri til að vinna mynd í keppnina í vetur. Nánari lýsing á samkeppninni verður send til skólanna á næstunni og hún kynnt frekar í þessu blaði.
- » Nýtt efni frá Námsgagnastofnun: Þemaheftið **Dularfullu dulmálsbréfin** er nýtt námsefni í stærðfræði fyrir miðstig og jafnvel unglingastig grunnskóla. Efnið er byggt á sögu og öll viðfangsefni tengjast henni en þau reyna m.a. á rökhugsun, lausn þrauta, tölfræði og talnavinnu. Kennsluleiðbeiningar til útprintunar eru á safnvefnum *Stærðfræði fyrir miðstig* sem er á vef Námsgagnastofnunar: http://www.nams.is/stae_midstig/index.htm. Þá var að koma út í seríunni **Að vaxa út grasi**, kennsluefni í lífsleikni sem miðað er við 4. bekk. Efnið skiptist í fimm einingar. Sérstök vinnuhefti fyrir nemendur fylgja hverri einingu. Heftin heita **Allir saman** og er þeim einnig ætlað að vera vettvangur samvinnu milli heimilis og skóla.



Leiðin frá aðgangi til árangurs

Fræðiefni vikunnar er skýrsla sem gefin er út af menntasviði UNESCO og nefnist **Enhancing Learning: From Access to Success**. Skýrslan er 55 síður á pdf-sniði og er aðgengileg á vef stofnunarinnar.

Í skýrslunni er leitast við að setja fram sjónarmið um heppilegar útfærslu(r) á skólastarfi í samtímanum og hvað rannsóknir bendi á að sé árangursríkt. Í heildina litið er það mat sérfræðinga að horfa þurfi frekar til heildstæðrar hugsunar um skólastarf í stað þess að



Fræðiefnið

einblína of mikið á afmarkaða tækni og staðreyndarmarkmið. Viðhorfin eru sett fram í 28 liðum (bls. 15-20) þar sem sagt er að það þurfi að auka áherslur á sjálfsmat, námsferlið í heild sinni, samskipti og félagslega vellíðan í skóla, fjölmenningu, fjölbreytni í námsmati, og fjölþætt bekkjarstarf.

Þótt skýrslan sé áhuga- verð og boði ákveðnar áherslur í skólastarfi er ekki mikið fjallað um leiðir eða aðferðir til að útfæra þessar hugmyndir. Það hafa þó ýmsir aðrir gert.


VEFSLÓÐ: <http://unesdoc.unesco.org/images/0015/001556/155642E.pdf>

Kennsluvefur um skref í einstaklingsmiðun

Það ber að fagna öllum vefjum sem fjalla um kennslufræði og leiðir fyrir kennara til að styrkja eigin kennsluhætti. Einn þessara vefja er vefur Ingvars Sigur-

geirssonar, prófessors á hann safnað saman tengingum og upplýsingum í margar áttir um kennsluaðferðir og

og erlenda vefi einstaklinga og skóla og bendir þannig á ýmsar leiðir sem skólar fara í útfærslu-



um á kennslu sem miðar að einstaklingsmiðun. Ingvar er óþreytandi að kynna nýjungar og hugmyndir fyrir kennurum. Áhugaverður og fróðlegur vefur fyrir alla kennara hvaða námsgrein sem þeirra kenna.

hann safnað saman tengingum og upplýsingum í margar áttir um kennsluaðferðir og

um á kennslu sem miðar að einstaklingsmiðun. Ingvar er óþreytandi að kynna nýjungar og hugmyndir fyrir kennurum. Áhugaverður og fróðlegur vefur fyrir alla kennara hvaða námsgrein sem þeirra kenna.

VEFSLÓÐ: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namskeid/fraedslumidstod/vefur/>